

**NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS · AKUREYRI**  
*(THE AKUREYRI MUSEUM OF NATURAL HISTORY)*  
P.O. BOX 180 · IS-602 AKUREYRI · ICELAND

**VEGAGERÐ UM MÝVATNSHEIÐI - LEIT AÐ EFNI Í BURÐARLAG**

**GREINARGERÐ TIL VEGAGERÐARINNAR, AKUREYRI**

**Haldór G. Pétursson**  
jarðfræðingur

**Akureyri, september 1995**

Á næstu árum verður hafist handa við endurbyggingu vegar um Mývatnsheiði. Því þótti rétt að leita enn frekar að hentugum efnum í burðarlag, en fyrri kannanir höfðu leitt í ljós að skortur er á þess konar efnum á heiðinni (Hreggviður Norðdahl 1977, Þóroddur F. Þóroddsson 1984). Nú beindist könnunin að leit að hentugri klöpp, sem sprengja og bjóta mætti niður í burðarlag.

Allt svæðið milli Brúnar í Reykjadal og Helluvaðs í Mývatnssveit er þakið þykkum jökulruðningi, sem víðast er margra metra þykkur. Öflun fylliefnis verður því ekki vandamál á svæðinu, en hafa verður þó í huga að við Másvatn eru friðlýst landform (jaðarrásir) og þar kemur efnisnám vart til greina. Þessi þykki jökulruðningur hylur berggrunninn algerlega á nær öllu svæðinu og það er einungis í jöðrum þess, sem raunhæfir möguleikar virðast á grjótnámi í klöpp.


Slíkur staður er austan við þjóðveg ofan við bæinn Brún (mynd 1 A). Þarna er um 4-8 m háur algróinn hjalli utan í heiðinni. Á einstaka stað utan í hjallabrúninni má sjá að hér er um klöpp að ræða og er hún gerð úr dílóttu, stórstuðluðu og fersku basalti. Ofan við hjallann, sem er um 100-200 breiður er þykkur ás úr jöklruðningi og undan honum renna víða lækjarsitrur eftir berghjallanum. Þetta berg virðist vænlegt til vinnslu burðarlags og þyrfti að kanna það nánar með borunum. Landið tilheyrir sennilega Brún, en til að komast að hjallabrúninni þarf vegagerð (ca. 500 m) um ræktaðan úthaga sem tilheyrir Heiði.

Annað svæði þar sem sést í berggrunn er í gamalli sandnámu rétt sunnan við Máslæk (mynd 1 B). Þarna hefur verið unnið mikið af efni, en sennilega er talsvert eftir af sandi umhverfis námuna. Sandurinn er nothæfur er í neðra burðarlag (Hreggviður Norðdahl 1977). Útbreiðslu sandsins þarf að kanna betur og auk þess útbreiðslu og gerð klappar sem stingur upp kollinum í gryfjubotninum. Ljósleiðari sem nýlega hefur verið lagður austan við námuna takmarkar námuvinnslu í þá áttina, en ekki er víst að það komi að sök.

## HEIMILDIR

Hreggviður Norðdahl 1977: Laus jarðlög á Laxárdalsheiði, S-Þing. Könnun á efnum í burðarlag. Vegagerð ríkisins, Akureyri.

Þóroddur F. Þóroddsson 1984: Efnisleit á Mývatnsheiði. Náttúrugripasafnið á Akureyri.



Mynd 1 Hugsanleg námusvæði vegna vegagerðar um Mývatnsheiði.  
 A: Klöpp austan við Brún. B: Sandur/klöpp við Mástæk.